

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15

101 Reykjavík

Sími: 563-1770

Netfang: [borgarskjalasafn@reykjavik.is](mailto:borgarskjalasafn@reykjavik.is)

[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is)

# **Friðrik Þorvaldsson**

(1896-1983)

**- Skjalaskrá -**

## Einkaskjalasafn nr. 188

# Friðrik Þorvaldsson

Friðrik Þorvaldsson var fæddur 10. desember 1896 á Urriðaá, Álftaneshreppi, Mýrasýslu, og lést 18. janúar 1983 í Reykjavík. Foreldrar hans voru Þorvaldur Sigurðsson og Valgerður Anna Sigurðardóttir.

Friðrik fluttist í Borgarnes 1920 og bjó þar til 1951, þá fluttist hann til Reykjavíkur. Hann var barnakennari í vesturhreppum Mýrasýslu og Borgarnesi, og kennari við Hvítárbakkaskólann veturinn 1918-19, auk annarra kennslustarfa.

Hann var rafstöðvarstjóri 1925, lengi hafnarvörður og síðar forstjóri útgerðarfélagssins Gríms og einnig framkvæmdastjóri Skallagríms, er rak flóabátana Laxfoss og Akraborg. Hann var í hreppsnefnd 1928-34 og 1942-46.

Frumherji eða styrktarmaður var Friðrik flestra framfaramála Borgarness meðan hann var þar, t.a.m. einn frumkvöðla að stofnun Reykholtsskóla. Þá vann hann mikið að íþróttamálum, bindindismálum, stjórnaði lúðrasveit. Hann var og organisti við kirkjuna, æfði kirkjukórinn og almennan kór. Þá var hann bókavörður Lestrarfélags Borgarness og Bókasafns Mýrasýslu.

Friðrik var afgreiðslumaður Akraborgarinnar í Reykjavík til 79 ára aldurs.

Kona Friðriks var Helga G. Ólafsdóttir. Þeirra börn voru Eðvarð, Guðmundur Trausti, Þorvaldur, Elsa, Ólafur og Jónas Gunnar.

Friðrik Þór Guðmundsson færði safninu, þann 28. ágúst 2002, skjöl afa síns.

## *Skjalaskrá*

### Askja 1

- Bréf dagsett 1. mars 1978.
- Úrklippur úr dagblöðum um margvísleg málefni, s.s. brúarlagningu, fiskeldi, járnbrautir. Höfundur greinanna er Friðrik Þorvaldsson.  
M.a.: Borgarfjarðarbrú: Gefur milljarða í áranna rás, úrklippa úr dagblaði 12. desember 1980. Loksins lyftist bráin, Tíminn, 7. janúar 1983. Hvað nú, ungi maður? 18. október 1978. Hvalfjörður í ljósi nútímaviðhorfa, 20. mars 1973. Hvalfjörður í helgreipum hins ellefta, 3. janúar 1981. Hvalfjörður, brú eða ferja, 10. janúar 1965, tvö eintök. Hausavíxl á píramída, 23. ágúst 1973. Hið illa snerist

til góðs, Tíminn 14. júlí 1973. Hvar eru fiskar? Tíminn föstudagur 9. nóvember 1979. Ferja og fúsk, Tíminn þriðjudagur 20. mars 1979. Getsökum ansað með gagnsókn, Tíminn 8. mars 1966. Enn um Hvalfjörð – brú, ferju eða veg, Tíminn 25. nóvember 1972. 3 eintök. Brú á Hvalfjörð, 23. febrúar 1974, tvö eintök. Borgarnes, Seleyri, Tíminn 16. janúar 1972. Um brýr og fleira, Tíminn 27. júlí 1980. Jörð flutt í fóstur, 18. júní 1981. Járnbraut, 4. desember 1980. Nú vorkenni ég ..., Tíminn 10. nóvember 1976. Að koma amlóðaskapnum í peninga, 4. júní 1981. Að mylja milljónir, 13. nóvember 1969. Buddudæmi, 26. september 1979.

- Ljósrit af fleiri greinum og mörgum ofangreindra greina.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir